

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Skipulagsfulltrúi  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík 19. desember 2017  
UST201710-189/K.S.J.  
10.04.03

### **Efni: Deiliskipulag – Hvammur - Hornafirði**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 18. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu að deiliskipulagi 5 ha landsspildu úr landi Hvamms í Sveitarfélaginu Hornafjörður.

### **Skipulagssvæðið**


Í greinargerð kemur fram að ofangreint svæði liggur skammt austan núverandi hringvegur og er fremur rýrt, mosagróið en stutt niður í mól og sand, og er nær flatt. Einnig kemur fram að deiliskipulagstillagan tekur til tveggja byggingarreita fyrir allt að 9 gestahús auk þjónustuhúss.


Umhverfisstofnun bendir á að áætlaðar byggingar verða mjög sýnilegar í umhverfinu þar sem land er flatt, því er mikilvægt að heildarsvipur verði yfir áætluðum byggingum svo ekki verði neikvæð áhrif af byggingum á ásýnd svæðisins.

Á ofangreindu svæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og ekki vistgerðir eða jarðminjar er falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur